


Hvar þarf að fá leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum


Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og náttúrustofa, Flúðum 8. nóvember 2018

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, svið friðlýsinga og starfsleyfa

Hvar þarf að fá leyfi ?

- Umhverfisstofnun
- Landeigandi
- Sveitarfélag
- o.fl.
 - fer eftir eðli framkvæmdar





Hvenær er framkvæmd leyfisskyld af hálfu Umhverfisstofnunar?

- Friðlýsingarskilmálar svæðis
 - Mismunandi milli svæða
- Stjórnunar og verndaráætlun
 - Skv. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er tekið fram að ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun svo og reglur um önnur atriði er tilgreinir í IV. kafla lagana.

Utanvegarakstur

- Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt skv. 2 mgr. 31. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd.
- Samkvæmd 9. mgr. 31. gr. ganga sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis eða í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið framfar undanþágum frá banni við akstri utan vega skv. 1. og 2. mgr. lagana.






41. gr. undanþága frá ákvæðum friðlýsingar

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar:

- ef það stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að, eða
- ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.

[https://umsokn.umhverfisstofnun.is/
web/index.html](https://umsokn.umhverfisstofnun.is/web/index.html)

Verkferill vegna leyfisveitinga á friðlýstum svæðum



<https://ust.is/atvinnulif/umsagnir-og-leyfi/utgefin-leyfi/>

89. gr. Breyting og afturköllun leyfis.

- Umhverfisstofnun getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum nr 60/2013 um náttúruvernd ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Áður skal stofnunin veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta.
- Umhverfisstofnun er heimilt að breyta skilyrðum leyfis, setja ný skilyrði eða afturkalla leyfi ef það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.
- Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli 2. mgr. skal taka tillit til kostnaðar sem breyting eða afturköllun hefur í för með sér fyrir leyfishafa og annarra áhrifa, jákvæðra og neikvæðra, sem af ákvörðuninni mun leiða.





54. gr. Starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis.

Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.